

# Fundargerð 37. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, mánudaginn 11. september kl. 14:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar símafundur í Virkisbúð.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Björgvin Guðmundsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Sigrún Árnadóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samtök fiskeldissveitarfélaga - 1703001SU

Umsóknir þriggja sveitarfélaga um aðild að Samtökum sveitarútvegsfélaga teknar til afgreiðslu, en þau eru Ísafjarðarbær, Norðurþing og Hörgársveit. Umræddar umsóknir hafa borist í framhaldi af því að samtökin sinnir nú einnig málefnum fiskeldis, eftir að þar lútandi breytingar voru gerðar á samþykktum þess á aukaaðalfundi sem fram fór 7. sept. sl. á Siglufirði.

### 2. Áhættumat Hafrannsóknarstofnunar um fiskeldi - 1708003SU

Formaður rakti í stuttu máli þá stöðu sem komin er upp í kjölfar áhættumats Hafrannsóknastofnunar (Hafs og vatns) á mögulegri erfðablöndun frá fiskeldi og lagði til að boðað verði til fundar með sveitarfélögum við Ísafjarðardjúp til að ræða málin, en skv. áður nefndu áhættumati leggur Hafrannsóknastofnun til að ekkert eldi á frjóum laxi verði leyft í djúpinu.

*Var tillaga formanns samþykkt með ábendingu um að fundurinn gæti mögulega farið fram í kringum 27. september. Sveitarstjórnarfolk er líklegt til að vera ferðinni um það leyti, þar sem landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra hefur boðað til morgunverðarfundar þá um morguninn um áhættumat Hafró vegna erfðamengunar í laxi auk þess sem samgöngugæing fer fram næsta dag eða þann 28. sept.*

*Enn fremur samþykkt að starfsmaður sækji borgarafund sem boðaður hefur verið á Ísafirði 24. sept. nk. hafi hann tók á.*

### 3. Skipting veiðigjalda til sveitarfélaga - leiðir og forsendur - 1708002SU

Róbert Ragnarsson kynnti á sjávarútvegsfundi samtakanna, sem fram fór á Siglufirði 7. sept. sl., reiknilíkan sem hann hefur unnið í samstarfi við Bryndísi Gunnlaugsdóttur um mögulega skiptingu veiðigjalda til sveitarfélaga. Fjallað var um kynninguna í tveimur vinnuhópum. Tóku Valur Rafn Halldórsson og Helga Guðrún Jónasdóttir niður það helst sem fram kom í vinnuhópunum.

*Formanni og starfsmanni var falið að vinna upp úr afrakstrinum af sjávarútvegsfundinum minnisblað, sem lagt verði fyrir stjórn á næsta fundi hennar*

*eftir sameiginlega fund með Vestfirðingum.*

Fundi var slitið kl. 14:15

---

Gauti Jóhannesson

---

Páll Björgvin Guðmundsson

---

Steinunn María Sveinsdóttir

---

Anna Lind Ragnarsdóttir

---

Sigrún Árnadóttir